



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 27. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, 711. mál**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtókin**“) vísa til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi), 711. mál. Eins og fram kemur í kafla 3.1 í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lög um loftslagsmál markmiði um að ná kolefnishlutleysi árið 2040. Slíkt markmið er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og styður lögfesting markmiðsins við loftslagsstefnu stjórnvalda.

SI gera ekki sérstakar athugasemdir hvað framangreind áform varðar að svo stöddu máli enda liggar ekki fyrir með hvaða hætti boðaðar breytingar munu raungerast í framkvæmd eða hver áhrif þeirra breytinga kunna á hafa á aðildarfyrirtæki samtakanna. Í umsögn SI um drög að fyrirliggjandi frumvarpi á samráðsgátt Stjórnarráðsins, sbr. umsögn dags. 23. febrúar sl. um mál nr. 37/2001, beindu samtókin hvatningu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að huga að samráði við hagsmunaaðila þegar umrædd drög að frumvarpi voru unninn á vegum ráðuneytisins. Var sú hvatning tilkomin vegna yfirlýsinga ráðuneytisins um slíkt í kynningu með áðurnefndum drögum að frumvarpi.

Að gefnu tilefni ítreka SI hér áðurnefnda hvatningu enda hefur boðað samráð enn ekki átt sér stað, í það minnsta hvað varðar samráð við SI en samtókin eru langstærstu atvinnurekendasamtök landsins. Vekur það furðu að boðað samráð hafi því enn ekki tekið til SI. Í þessu samhengi benda samtókin á að víða hafa fyrirtæki stigið jákvæð skref fram á við í breytingum á framleiðsluferlum, vörulínum, starfsháttum og öðrum þáttum í starfsemi sinni til að lágmarka áhrif á umhverfi og draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum. Því er að mati samtakanna mikilvægt að byggja ofan á reynslu fyrirtækja og draga lærðom af þeim aðgerðum sem fyrirtæki hafa ráðist í á þessu sviði. Að sama skapi telja samtókin mikilvægt að tryggja samtal atvinnulífs og stjórnvalda til að greina hindranir sem í vegi eru og koma fram með lausnir í þeirri vegferð að stefna að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040. Því er mikilvægt að fylgja eftir samráði því sem m.a. er vísað til í þriðju málsgrein í kafla 6 í greinargerð með frumvarpinu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp til laga. Samtókin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemduum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Lárus M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála